

**Sp. 128. Tillaga til þingsályktunar [125. mál]**

um breytt gjaldskrársvæði Póst- og símamálastofnunar.

Flm.: Davíð Aðalsteinsson, Jón Helgason, Jóhann Einvarðsson, Guðmundur Bjarnason,  
Páll Pétursson, Stefán Valgeirsson, Ingólfur Guðnason, Alexander Stefánsson,  
Sigurgeir Bóasson, Stefán Guðmundsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera nú þegar ráðstafanir til að gjaldskrársvæði símans verði stækkuð þannig að í meginatriðum gildi sami gjaldflokkur innan sérhvers athafna- og viðskipta- eða greinistöðvarsvæðis.

## Greinargerð.


Póst- og símamálastofnun gegnir mjög þýðingarmiklu hlutverki í okkar þjóðfélagi. Góð símaþjónusta er einn af undirstöðuþáttum nútímasamfélags. Framþróun í póst- og símamálum hefur orðið ör á seinni árum, þótt fæstum þyki nóg að gert. Í 11. gr. laga um stjórn og starfrækslu póst- og símamála frá 2. maí 1977 er ákvæði um að stefnt verði að því við gjaldskrárgerð, að sömu gjöld gildi innan hvers svæðisnúmers, og skal ákveðið í reglugerð hvenær framkvæmd þessa ákvæðis kemst á. Svo sem kunnugt er vantar mikið á að áður nefnt ákvæði laganna sé framkvæmt til fullnustu, og ráða þar mestu tæknilegar hindranir, en einnig fjárhagslegar. Segja má að tillaga sú, sem hér er lögð fram, fari bil beggja með tilliti til fjárhagslegra og tæknilegra forsendna annars vegar og bættrar þjónustu við símnotendur hins vegar.

Meðfylgjandi kort yfir sjálfvirkar símsstöðvar sýnir að landinu er skipt í 20 greinistöðvarsvæði og svæðisstöðina í Vestmannaeyjum og í mörgum tilfellum fara svæði greinistöðvanna saman við athafna- og viðskiptasvæði. Sú upptalning, sem hér fer á eftir, sýnir aðeins hugmynd að gjaldskrársvæðum á grundvelli þessarar þingsályktunartillögu.

1. **Reykjavík** — Kópavogur — Hafnarfjörður — Varmá.
2. **Akranes** — Lambhagi — Hvalfjörður.
3. **Borgarnes** — Hvanneyri — Kljáfoss — Hreðavatn.
4. **Stykkishólmur** — Búðardalur — Grundarfjörður — Ólafsvík — Hellissandur — Saurbær — Reykhólar.
5. **Patreksfjörður** — Bildudalur — Tálknafjörður — Krossholt.
6. **Ísafjörður** — Bolungarvík — Flateyri — Súðavík — Suðureyri — Þingeyri.
7. **Brú** — Hólmavík — Hvammstangi — Laugarbakki — Reykir.
8. **Blönduós** — Bólstaðarhlíð — Skagaströnd.
9. **Sauðárkrókur** — Hofsó — Varmahlíð.
10. **Siglufjörður** — Grímsey — Fljót.
11. **Dalvík** — Árskógur — Hrísey — Ólafsfjörður.
12. **Akureyri** — Grenivík — Hjalteyri — Hrafnagil.
13. **Húsavík** — Breiðamýri — Kópasker — Raufarhöfn — Rein — Reykjahlíð — Staðarhóll — Þórshöfn.
14. **Egilsstaðir** — Borgarfjörður — Eiðar — Seyðisfjörður — Vopnafjörður.
15. **Reyðarfjörður** — Breiðdalsvík — Eskifjörður — Fáskrúðsfjörður — Neskaupstaður — Stöðvarfjörður.
16. **Höfn** — Djúpivogur.
17. **Vík** — Kirkjubæjarklaustur.
18. **Hvolsvöllur** — Búrfell — Hella — Laugaland — Steinar — Pykkvibær.
19. **Selfoss** — Aratunga — Árnes — Ásgarður — Brautarholt — Eyrarbakki — Stokkseyri — Flúðir — Hamar — Hveragerði — Laugarvatn — Minniborg — Þorlákshöfn.
20. **Keflavík** — Gerðar — Grindavík — Hafnir — Innri-Njarðvík — Sandgerði — Vogar.

Fylgiskjal.

SJALFVIRKAR SIMSTÖÐVAR  
31 DESEMBER 1981



POST- OG SIMMÁLSTOFNUNIN